



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 23. október 2020

USK2020060043

8.9

Borgarráð

Sundhöll Reykjavíkur. Kvennaböð - Endurgerð.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að fara í framkvæmdir við endurgerð á kvennaböðum í eldri byggingu Sundhallar Reykjavíkur.

Kostnaðaráætlun 2 er 60 m.kr.

Áætlað er að framkvæmdir hefjist í nóvember og ljúki á árinu 2020.

Framkvæmdin hefur hlotið samþykki Minjastofnunar Íslands.

Greinargerð:

Sundhöll Reykjavíkur var friðuð af menntamálaráðherra í desember 2004. Friðunin nær til ytra og innra borðs laugar, búningsklefa og sturtuklefa.

Gerð er rík krafa um vandaðan frágang og að fullt tillit sé tekið til upphaflegrar hönnunar Guðjóns Samúelssonar.

Kostnaðarstaður 1105

Kostnaðaráætlun 2: 60 m.kr

Áætluð hækkun innri leigu ÍTR: 6,5 m.kr. á ári.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

- Bréf Minjastofnunar Íslands, dags 19. október 2020.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Karl Magnús Karlsson arkitekt
VA arkitektar
Borgartúni 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. október 2020

Tilvísun: 0617/ 6.06 / 202010-0029

Sundhöll Reykjavíkur, Barónsstíg 45A, baðklefar kvenna

Í tölvupósti 7. október 2020 óskar Karl Magnús Karlsson arkitekt eftir álit Minjastofnunar á tillögu að endurgerð kvennabaða á neðri hæð í eldri hluta Sundhallar Reykjavíkur.

Með erindinu fylgdu uppdrættir VA arkitekta dags. 21. september 2020 að fyrirhuguðum endurbótum sem verða með líku sniði og karlaböð á efri hæð hússins, sem voru endurgerð fyrir fáeinum árum.

Sundhöll Reykjavíkur var friðuð af menntamálaráðherra 20. desember 2004. Friðunin tekur til ytra borðs hússins og innra borðs laugar, búningsklefa og sturtuklefa. Byggingin er því friðlýst bygging skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í 9. gr. laganna er áskilið að húsafriðunarnefnd fjalli um breytingar á friðlýstum húsum. Erindið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar þann 13. október 2020. Þar var eftirfarandi bókun samþykkt : Húsafriðunarnefnd fagnar vandaðri endurgerð baðklefa kvenna í Sundhöll Reykjavíkur og gerir ekki athugasemd við erindið.

Minjastofnun Íslands heimilar hér með að endurgerð kvennabaða á neðri hæð í eldri hluta Sundhallar Reykjavíkur samkvæmt uppdráttum VA arkitekta frá 21. september 2020.

Virðingarfyllt,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Margrét Þormar
arkitekt, verkefnastjóri


Pétur H. Ármannsson
sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Afrit í tölvupósti :

Karl Magnús Karlsson (karl@vaarkitektar.is)

Guðmundur Pálmi Kristinsson (guðmundur.palmi.kristinsson@reykjavik.is)

Borgarsögusafn Reykjavíkur (minjavarsla@reykjavik.is)

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík (byggingarfulltrui@reykjavik.is)

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33., 34. og 35. eru kæranlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin. Skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.